

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**934. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. janúar 2017 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs  
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

### **Afgreiðslur:**

1. **1608061 Lögð fram til kynningar gögn frá ríkislögreglustjóra** um neyðarskipulag og áhættuskoðun alannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Gögnin eru komin til ára sinna. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að fá fund með dómsmálaráðherra til að fara yfir þessi mál hið allra fyrsta.
2. **1701039 Lagt fram til kynningar bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um áætlun um að skipta út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum.** Áætlunin miðar við að búið verði að skipta út dekkjakurli á öllu landinu fyrir árslok 2026.
3. **1701040 Lögð fram til kynningar lokaskýrsla og uppgjör fyrir Eld í Húnaþingi árið 2016.**
4. **Ársreikningar lagðir fram til kynningar**  
1701027 Ársreikningur Selaseturs Íslands fyrir árið 2016  
1701041 Ársreikningur Félagsheimilisins Ásbyrgi fyrir árið 2016
5. **Fundargerðir lagðar fram til kynningar.**  
1701042 Fundargerð stjórnar Róta frá 11. janúar sl.  
1701043 Fundargerð stjórnar SSNV frá 17. janúar sl.  
1701044 Fundargerð aðalfundar Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna frá 9. desember sl. Byggðarráð samþykkir að skipa sveitarstjóra sem fulltrúa Húnaþings vestra í vinnuhóp um endurskoðun samnings um rekstur byggðasafnsins.  
1701045 Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 20. desember sl.
6. **1701047 Lögð fram til kynningar ársskýrsla íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir árið 2016**
7. **Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra,** þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson sækir um leyfi til að reka gististað ( minni gistiheimili) í flokki II að Syðri-Þverá í Húnaþingi vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
8. **1701048 Lögð fram drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Húnaþingi vestra.** Byggðarráð samþykkir reglurnar og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:28

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín R. Líndal

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Guðný Hrunn Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir